

SORPA bs

Skýrsla framkvæmdastjóra

Lögð fram á stjórnarfund 434 föstudaginn 9. október 2020

Skýrsla framkvæmdastjóra rekur helstu mál sem verið hafa á döfni í starfi framkvæmdastjóra frá síðasta stjórnarfund.

- Vinnslulína MTFS er búinn að vera í stöðugri notkun hartnær 2 vinnuvikur - eða síðan lína 3 komst aftur í notkun eftir að tennur í finhakkara brotnuðu. Þar er um að ræða ábyrgðarmál og viðræður standa yfir við framleiðanda um viðbrögð við þessum vanda sem stafar trúlega af ofherslu í tönnum. Afleitt vandamál af tannbrotum var að öxlar í tætara skemmdust og hefur framleiðandi strax sett í ferli að framleiða nýja öxla. Starfsmenn viðhalds eru í stöðugri vinnu við reyna að bæta búnaðinn og bæta þéttingar á milli tækja vinnslulínunnar en það hefur komið á óvart og valdið vanda hve gríðarlega mikill úrgangur fellur á gólfín í vinnslusalnum og safnast upp. Þrif eru umtalsverð og þarf að taka á þessu í rekstraráætlunum MTFS.
- Uppkeyrsla GAJA gengur samkvæmt áætlun. Efnistraumur frá MTFS er að verða stöðugri, gasframleiðslan ætti því að fara að komast í betra jafnvægi en tilraunir með hreinsun á hauggasi frá GAJA hafa staðið yfir síðan um miðjan september og segja má að GAJA hafi því skilað jákvæðum umhverfisáhrifum allt frá þeim tíma. Ýmis tæknileg vandamál hafa komið upp, varðandi gasgæði og vegna hönnunar og frágangs verktaka. Öll eru þau vel leysanleg en einhver ágreiningur er þó uppi um ábyrgð og einhver aukalegur kostnaður fyrirsjáanlegur. Vinnslan gengur þó almennt vel, en mikilvægasta verkefnið þar er að samhæfa vinnsluna í GAJA og MTFS, þetta er verkefni sem stjórnendur GaJa og MTFS vinna saman.
- Skrifað hefur verið undir nýjan kjarasamning við stéttarfélagið Eflingu. Í megindráttum byggir hann á samningi Reykjavíkurborgar við Eflingu en þó þurfti að semja um ýmis sértæk mál er vörðuðu samlagið. Samningurinn felur í sér verulegar kjarabætur fyrir starfsmenn Eflingar, en að sama skapi verulegan kostnaðarauka í rekstri samlagsins.
- Fjárhagsáætlun samlagsins 2021-2025 hefur verið í þróun allt frá því í sumar. Gerbreytt ástand efnahagsmála í íslensku samfélagi hefur sett sitt mark á þróun áætlunarinnar, sér í lagi á seinni stigum. Eigendur samlagsins hafa nú komið sér saman um forsendur áætlanagerðarinnar og fyrir liggur fjárhagsáætlun sem vonir standa til að megi afgreiða sem fyrst.
- Ánægjulegum áfanga var náð í þeirri viku sem nú er að líða þegar netverslun Góða hirðisins var formlega opnuð. Hún tekur við af netsölu á Facebook síðu verslunarinnar sem haldið hefur verið úti með góðum árangri frá því í vor. Í viðtali við Morgunblaðið 7. október benti Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri á að verslunin sé ekki rekin í hagnaðarskyni heldur til að stuðla að sjálfbærni með því að veita notuðum hlutum framhaldslíf og draga úr sóun. Öllum ágóða er úthlutað til góðgerðarmála. Því má bæta við að netverslunin fór aleilis frábærlega af stað og á fyrsta degi seldust í raun upp allar vörur sem boðnar voru þar til sölu.
- Sóttvarnareglur vegna covid hafa haft áhrif á vissar starfsstöðvum samlagsins á síðustu dögum, til dæmis hefur takmörkun á fjölda viðskiptavina í Góða hirðinum tafarlaus áhrif á reksturinn. Allar starfsstöðvar hafa aðlagð starfsemi sína að sóttvarnareglum, sem hafa verið að herðast undanfarna daga. Fyrir liggja viðbragðsáætlanir um til hvaða ráða skuli grípa ef smit kemur upp á starfsstöðvum samlagsins.